

Nd.

63. Framvarp

til laga um stofnun mótorvjelstjóraskóla í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Stofna skal mótorvjelstjóraskóla í kaupstöðum landsins, Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði.

2. gr.

Tilgangur skólans er að veita nemendum þá þekkingu, sem telja má nauðsynlega til þess að hafa á hendi vjelstjórn á mótorskipum.

3. gr.

Nánari ákvæði um inntökuskilyrði, námsgreinar, fyrirkomulag kenstunnar, prófvottorð og rjettindi mótörvjelstjóraefna, skulu sett í reglugerð, þer stjórnarráð Íslands semur.

4. gr.

Skólar þessir skulu að öllu leyti kostaðir af landsfje, enda hafi landsstjórnin yfirstjórn þeirra.

Á s t æ ð u r .

Þörfin fyrir mótörvjelstjóra, er hafi sémilega þekkingu á hirðingu og stjórn vjela, er nú orðin svo brýn í öllum landsfjórðungum, að eigi virðist hjákvæmilegt, að komið sje upp kenslu í mótörvjelfræði í kaupstöðunum.

Að visu mætti halda því fram, að einn fullkominn skóli á landinu, t. d. í Reykjavík, gæti nægt fyrst um sinn. En auk þess sem það er mun dýrara fyrir menn utan af landi að sækja nám til Reykjavíkur, og að flestar nauðsynjar eru dýrari þar en annarstaðar á landinu, þá er og ferðakostnaðurinn þangað ekki lítills virði.

Þá er það og efasamt, að einn skóli í Reykjavík, sem taka yrði við öllum þeim sæg nemenda víðsvegar af landinu, sem hann yrði að sækja, ef mótörvjelafræðslan á að verða sémileg, yrði landssjóði að nokkrum mun kostnaðarminni en fleiri skólar og smærri, og kenslan ætti að geta orðið engu ófullkomnari þar, sem nemendurnir væru færri.

Frekari grein fyrir frumvarpinu verður gerð í framsögunni.